

AUGLÝSING

um breytingu á samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem felst í því að bæta 44. gr. a og bókun 9 við samninginn.

Hinn 25. júní 2020 var norska utanríkisráðuneytinu afhent samþykktarskjal Íslands vegna samnings, sem gerður var í Brussel 30. janúar 2020, um breytingu á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 2. maí 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993, þar sem samningurinn er upphaflega birtur. Breytingin felst í að bætt er við samninginn 44. gr. a og bókun 9.

Samningurinn öðlaðist gildi 25. júní 2020 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. september 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR****um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem felst í því að bæta 44. gr. a og bókun 9 við samninginn.**

ÍSLAND,

FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,

KONUNGRÍKIÐ NOREGUR

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 49. gr.,

að höfðu samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

sem veita því athygli að í samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningur milli ESB og Bretlands“) er kveðið á um tímabundið aðlögunartímabil (transition period) en á því tímabili skulu lög Sambandsins gilda um Bretland og í Bretlandi, með afar fáum undantekningum, og litið svo á að vísanir til aðildarríkjanna í lögum Sambandsins, þ.m.t. eins og aðildarríkin koma þeim til framkvæmda og beita þeim, eigi einnig við um Bretland,

sem hafa hliðsjón af skiptum á orðsendingum milli Evrópusambandsins og Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs („EFTA-ríkjanna“), eftir því sem við á¹, þar sem Evrópusambandið tilkynnti EFTA-ríkjunum að farið verði með Bretland eins og aðildarríki Evrópusambandsins á aðlögunartímabilinu með tilliti til alþjóðasamninga sem Evrópusambandið eða aðildarríkin fyrir hönd Evrópusambandsins hafa gert eða Evrópusambandið og aðildarríki þess hafa gert í sameiningu og þar sem EFTA-ríkin tilkynntu Evrópusambandinu um að þau samþykki að halda áfram að líta á Bretland sem aðildarríki Evrópusambandsins á aðlögunartímabilinu með tilliti til EES-samningsins og bókana og viðauka við hann.

Í ljósi þessa ætti að breyta samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól til staðfestingar á framangreindu.

Í ljósi þessa ætti að bæta við samninginn 44. gr. a og bókun 9 um störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins í kjölfar útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og úrsagnar þess úr EES-samningnum.

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi grein skal bætt við á eftir 44. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól:

„44. gr. a

Í bókun 9 við samning þennan er mælt fyrir um sérákvæði varðandi útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og úrsögn þess úr EES-samningnum.“

2. gr.

Í stað orðanna „bókunum 1–4 og 6–8“ í 49. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól koma orðin „bókunum 1–4 og 6–9“.

¹ Orðsending frá utanríkisráðuneyti Íslands frá 27. janúar 2020, orðsending frá sendinefnd Evrópusambandsins gagnvart Liechtenstein frá 28. janúar 2020 og orðsending frá skrifstofu utanríkismála í furstadæminu Liechtenstein frá 29. janúar 2020, orðsending frá sendinefnd Evrópusambandsins gagnvart Noregi frá 27. janúar 2020 og orðsending frá utanríkisráðuneyti Konungsríkisins Noregs frá 27. janúar 2020.

3. gr.

Á eftir bókun 8 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól skal bæta við bókun 9 um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins í kjölfar útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og úrsagnar þess úr EES-samningnum. Texti bókunar 9 fylgir með í viðauka við þennan samning.

4. gr.

1. EFTA-ríkin skulu samþykkja þennan samning, sem er gerður í einu fullgiltu eintaki á ensku, í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers þeirra um sig.
2. Samningur þessi skal gerður og fullgiltur á þýsku, íslensku og norsku áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku hans.
3. Samningur þessi skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það. Skjöl um samþykki skulu afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.
4. Samningur þessi öðlast gildi þann dag sem EFTA-ríkin hafa afhent til vörslu öll skjöl sín um samþykki.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 30. janúar 2020.

Gunnar Pálsson
FYRIR HÖND ÍSLANDS

Sabine Monauni
FYRIR HÖND FURSTADÆMISINS
LIECHTENSTEINS

Rolf Einar Fife
FYRIR HÖND KONUNGSRÍKISINS NOREGS

VIÐAUKI

við

SAMNING

UM BREYTINGU Á SAMNINGNUM MILLI EFTA-RÍKJANNA UM STOFNUN
EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS SEM FELST Í ÞVÍ AÐ BÆTA 44. GR. A OG
BÓKUN 9 VIÐ SAMNINGINN

BÓKUN 9

*UM STÖRF OG VALDSVIÐ EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA OG EFTA-DÓMSTÓLSINS Í
KJÖLFAR ÚTGÖNGU SAMEINAÐA KONUNGRÍKISINS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-
ÍRLANDS ÚR EVRÓPUSAMBANDINU OG ÚRSAGNAR ÞESS ÚR EES-SAMNINGNUM*

1. gr.

(aðlögunartímabil)

Við túlkun og beitingu EES-samningsins og þessa samnings skulu eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstóllinn, þrátt fyrir útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands (Bretlands) úr Evrópusambandinu og úrsögn þess úr EES-samningnum, halda áfram að líta á Bretland sem aðildarríki Evrópusambandsins á aðlögunartímabilinu (transition period) að því er EES-samninginn og bókanir og viðauka við hann varðar.

Aðlögunartímabilið hefst á þeim degi þegar Bretland gengur úr Evrópusambandinu og segir sig frá EES-samningnum og lýkur 31. desember 2020. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda áfram ef Evrópusambandið og Bretland taka ákvörðun um að framlengja aðlögunartímabilið í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningur milli ESB og Bretlands“), að því tilskildu að EFTA-ríkin haldi áfram að líta á Bretland sem aðildarríki Evrópusambandsins, að því er EES-samninginn og bókanir og viðauka við hann varðar, til loka framlengda aðlögunartímabilsins.

AGREEMENT
AMENDING THE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES ON
THE ESTABLISHMENT OF A SURVEILLANCE AUTHORITY AND A COURT
OF JUSTICE BY ADDING ARTICLE 44A AND PROTOCOL 9 TO THE AGREEMENT

ICELAND

THE PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN

THE KINGDOM OF NORWAY

Having regard to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, (“Surveillance and Court Agreement”), and in particular Article 49 thereof,

Having consulted the EFTA Surveillance Authority,

Noting that the Agreement on the withdrawal of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland from the European Union and the European Atomic Energy Community (the “EU-UK Withdrawal Agreement”) provides for a time-limited transition period during which, save certain very limited exceptions, Union law shall be applicable to and in the United Kingdom and that any reference to Member States in Union law, including as implemented and applied by Member States, shall be understood as including the United Kingdom.

Having regard to the exchanges of notes between the European Union and Iceland, the Principality of Liechtenstein and the Kingdom of Norway (the “EFTA States”) respectively¹, whereby the European Union notified the EFTA States that, during the transition period, the United Kingdom is treated as a Member State of the European Union for the purposes of international agreements concluded by the European Union, or by Member States acting on behalf of the European Union, or by the European Union and its Member States jointly, and whereby the EFTA States notified the European Union that they agreed that, during the transition period, they would continue to treat the United Kingdom as a Member State of the European Union for the purposes of the EEA Agreement, its protocols and annexes.

Whereas, the Surveillance and Court Agreement should be amended to affirm the above.

Whereas, therefore, Article 44a and Protocol 9 on the functions and powers of the EFTA Surveillance Authority and the EFTA Court following the withdrawal of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland from the European Union and the EEA Agreement, should be added to the Agreement,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

The following Article shall be inserted after Article 44 of the Surveillance and Court Agreement:

‘Article 44a

Special provisions regarding the withdrawal of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland from the European Union and the EEA Agreement are laid down in Protocol 9 to this Agreement.’

¹ Note Verbale from the Delegation of the European Union to Iceland of 27 January 2020 and Note Verbale from the Ministry for Foreign Affairs of Iceland of 27 January 2020; Note Verbale from the Delegation of the European Union to Liechtenstein of 28 January 2020 and Note Verbale from the Office for Foreign Affairs of the Principality of Liechtenstein of 29 January 2020; Note Verbale from the Delegation of the European Union to Norway of 27 January 2020 and Note Verbale from the Royal Norwegian Ministry of Foreign Affairs of 27 January 2020.

Article 2

The words “Protocols 1 to 4 and 6 to 8” in Article 49 of the Surveillance and Court Agreement shall be replaced by the words “Protocols 1 to 4 and 6 to 9”.

Article 3

Protocol 9 to the Surveillance and Court Agreement on the functions and powers of the EFTA Surveillance Authority and the EFTA Court following the withdrawal of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland from the European Union and the EEA Agreement shall be added after Protocol 8 to the Surveillance and Court Agreement. The text of Protocol 9 is annexed to this Agreement.

Article 4

1. This Agreement, drawn up in a single copy and authentic in the English language, shall be approved by the EFTA States in accordance with their respective constitutional requirements.
2. Before the end of a period of six months from its entry into force, this Agreement shall be drawn up and authenticated in German, Icelandic and Norwegian.
3. This Agreement shall be deposited with the Government of Norway, which shall notify all other EFTA States. The instruments of approval shall be deposited with the Government of Norway which shall notify all other EFTA States.
4. This Agreement shall enter into force on the day all instruments of approval have been deposited by the EFTA States.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Brussels this 30 day of January 2020.

Gunnar Pálsson
FOR ICELAND

Sabine Monauni
FOR THE PRINCIPALITY OF
LIECHTENSTEIN

Rolf Einar Fife
FOR THE KINGDOM OF NORWAY

Annex
to
AGREEMENT
AMENDING THE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES ON THE ESTABLISHMENT
OF A SURVEILLANCE AUTHORITY AND A COURT OF JUSTICE BY ADDING ARTICLE
44A AND PROTOCOL 9 TO THE AGREEMENT

PROTOCOL 9

*ON THE FUNCTIONS AND POWERS OF THE EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY AND
THE EFTA COURT FOLLOWING THE WITHDRAWAL OF THE UNITED KINGDOM
OF GREAT BRITAIN AND NORTHERN IRELAND FROM THE EUROPEAN UNION
AND THE EEA AGREEMENT*

Article 1
(transition period)

In the interpretation and application of the EEA Agreement and this Agreement, the EFTA Surveillance Authority and the EFTA Court shall, notwithstanding the withdrawal of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland (“United Kingdom”) from the European Union and the EEA Agreement, for the duration of the transition period, continue to treat the United Kingdom as if it were a Member State of the European Union for the purposes of the EEA Agreement, its protocols and annexes.

The transition period starts on the day of the withdrawal of the United Kingdom from the European Union and the EEA Agreement and ends on 31 December 2020. Paragraph 1 shall continue to apply in the event of a decision by the European Union and the United Kingdom to extend the transition period in accordance with the Agreement on the withdrawal of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland from the European Union and the European Atomic Energy Community (“EU-UK Withdrawal Agreement”), provided that the EFTA States continue to treat the United Kingdom as if it were a Member State of the European Union for the purposes of the EEA Agreement, its protocols and annexes, until the end of the extended transition period.